

## TRYGGINGAR IÐKENDA

Íþróttafólk sem slasast á æfingum og í keppnum geta sótt ákveðnar endurgreiðslur v/ útlagðs sjúkra- og slysakostnaðar.

### **Eftirfarandi aðilar bæta hluta af fjárhagslegu tjóni:**

Íþróttaslysasjóður ÍSÍ endurgreiðir íþróttaiðkendum innan vébanda ÍSÍ, 16 ára og eldri, kostnaðarhluta sjúklings vegna sjúkraþjálfunar og beinnar læknismeðferðar, skv. opinberum texta Sjúkratrygginga Íslands, sjá reglugerð ÍSÍ um greiðslu bóta vegna íþróttaslysa. Ríkisvaldið leggur árlega til framlag til ÍSÍ vegna íþróttaslysa og takmarkast greiðslugeta ÍSÍ af þeirri upphæð á hverju almanaksári: <http://isi.is/pages/umisi1/sjodir/ithrottaslysasjodur/>

Sjúkratryggingar Íslands bæta þolendum tjón en almennt gildir sú takmörkun að til þess að eiga rétt á bótum úr slysatryggingum þarf slysið að hafa valdið a.m.k. 10 daga óvinnufærni: <http://www.sjukra.is/slys/slysabaetur/>

Íþróttafólk á eins og aðrir einnig rétt á því að sækja um afsláttarkort, sem veitir afslátt á sjúkraþjónustu þeirra sem eru með samning við Sjúkratryggingar Íslands, eftir að ákveðnu lágmarki er náð:

- 18 ára og yngri greiða fullt gjald upp að 8.400kr
- Eldri greiða fullt gjald upp að 28.000kr

Einnig bæta Sjúkratryggingar Íslands tjón vegna tannlækninga (skv. gjaldskrá) ef ekki er réttur til endurgreiðslu annars staðar:

<http://www.sjukra.is/heilbrigdisthjonusta/tannlaekningar/alvarlegar-afleidingar-faedingargalla-sjukdoma-og-slys/>

### **Það er mikilvægt að benda á það að samkvæmt íslenskum lögum bera þau félög og samtök sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi ekki sjálfkrafa ábyrgð á slysum sem börn verða fyrir í starfinu.**

Heimilistryggingar fela langoftast í sér ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem börn valda og sumar fela líka í sér slysatryggingar vegna tjóns sem börn valda og sumar fela líka í sér slysatryggingu vegna slysa sem börn verða fyrir í frítíma. Þar sem að slíkum slystryggingum sleppir er barn eða ungmenni ekki tryggt í félags- og tómstundastarfinu frekar en þegar það er úti að leik.

Frekari upplýsingar um tryggingamál félagasamtaka má finna í bæklingi sem gefinn var út af menntamálaráðuneytinu haustið 2016:

Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglínga